

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 73/2005

frá 29. apríl 2005

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2004 frá 6. ágúst 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 593/2004/EB frá 21. júlí 2004 um breytingu á ákvörðun ráðsins 2000/819/EB um áætlun til margra ára um fyrirtæki og framtakssemi, einkum vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja (2001–2005) ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að hið aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2005 að telja.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í sjöunda undirlið 5. mgr. 7. gr. (ákvörðun ráðsins 2000/819/EB) í bókun 31 við samninginn:

„- **32004 D 0593**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 593/2004/EB frá 21. júlí 2004 (Stjtið. ESB L 268, 16.8.2004, bls. 3).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2005 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 268, 16.8.2004, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 29. apríl 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.